

6. fundur Betadeildar starfsárið 2017 – 2018 haldinn í Menntaskólanum á Akureyri, 6. feb. 2018 kl. 19:30.

1. Setning fundar

Aníta setti fundinn, viðhafði nafnakall og flutti kveðjur fjarstaddra kvenna. Jafnframt bauð hún, gesti fundarins þær Piu og Sigurbjörgu Rún velkomnar. Rósa Júlíusdóttir kveikti á kertum og að því loknu fól Aníta Sigrúnu Aðalgeirsdóttur að sjá um fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps.

2. Orð til umhugsunar

María Gunnarsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún sagði okkur frá því hversu ánægð hún er með stefnu og starfsumhverfi sitt í Hrafnagilsskóla þar sem eru reglulegar samverustundir á sal. Hún deildi með okkur tveimur ljóðum sem hafa verið lesin á þessum samverustundum og hafa talað til hennar. Hún kynnti einnig fyrir okkur bókina **Hugarfrelsi; aðferðir til þess að efla börn og unglinga**, bókinni fylgja spjöld með hvatningarorðum og efni til ígrundunar. María lét allar Betakonur draga spjöld og hver og ein las svo fyrir hópinn af sínu spjaldi.

4. Lestur fundargerðar

Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

4. Erindi frá stjórn

- Jóhanna Þorsteinsdóttir, fyrir hönd stjórnar Elísabetarsjóðs, fór yfir reglur og tilurð sjóðsins og kynnti hugmyndir stjórnar að leið til þess að bæta stöðu hans. Stjórn Elísabetarsjóðsins varpar fram þeirri hugmynd að félagskonur greiði 3000 kr. á ári inn í sjóðinn til þess að hægt sé að halda honum við. Breytingar þarf að bera upp á aðalfundi og bað Jóhanna konur um að velta þessu fyrir sér. Nokkrar umræður urðu um þessa hugmynd og stöðu sjóðsins. Var því meðal annars velt upp að endurútgefa kortin sem gefin voru út á sínum tíma. Á því voru taldir annmarkar vegna leyfis til útgáfu sem á sínum tíma var skipt með ættingjum Elísabetar. Konur voru á því að eftir að listaverk Elísabetar var afhjúpað í fjörunni þá hafi nafn hennar aftur komist á flug.
Gjaldkeri benti á að sjóður Betadeildar stæði vel og e.t.v. væri hægt að styrkja Elísabetarsjóðinn með honum. Minnt var á og umræður urðu um það að sjóður Beta styrkir konur til farar á vorþing og landsambandsfundi og nú eru slíkar ferðir framundan. Konur voru beðnar að velta þessum hugmyndum fyrir sér og ákveðið að taka umræðuna upp aftur á aprílfundi og afgreiða á aðalfundi í maí.
- Stjórnarskipti og uppstillingarnefnd. Aníta fór yfir reglur DKG um uppstillingarnefndir. Í Betadeild var samþykkt fyrir tveimur árum að í stað þess að kjósa í uppstillingarnefnd þá skipi fráfaramandi formaður og þeir tveir stjórnarmenn sem ganga úr stjórn uppstillingarnefnd í hvert sinn. Aníta bar það undir fundarkonur hvort þær samþykktu þetta form einnig í ár. Erindið var borið upp og samþykkt samhljóða.
- Hugrún, fyrir hönd 5. okt. nefndarinnar, kynnti störf nefndarinnar og samantekt á þeim sem komin er inn á síðu Betadeildar. Nú munu tvær Betakonur ganga úr undirbúningsnefndinni eins og kynnt var í tölvupósti og var þá um leið óskað eftir því að þær konur gæfu sig fram sem hefðu áhuga. Nefndin stingur upp á því að þær sem gangi úr nefndinni finni nýja fulltrúa í sinn stað ef engar gefi sig fram. Ekki komu fram mótbárur við því og hafa Helena og Elín samþykkt að gefa kost á sér í nefndina. Erna Gunnars. bauðst einnig til þess að vera til aðstoðar ef á þyrfti að halda. Í ár mun 5. okt bera upp á föstudag og er það hugmynd nefndarinnar að halda sig við daginn og geta þá jafnvel tengt samkomuna við léttar veitingar í sal sem býður upp á slíkt. Umræður urðu um styrkveitingar vegna dagsins og Eygló minnti á

að í fyrsta sinn sem DKG konur stóðu að þessum viðburði þá var veittur styrkur frá landssamtökunum. Umræður urðu um það að e.t.v. væri hægt að óska eftir styrkjum frá samtökum kennara á svæðinu.

Aníta lokaði umræðunum með því að þakka Hugu og tók undir mikilvægi þess að halda upp á daginn og vekja þannig athygli á samtökum DKG.

- Vorþing. Aníta las bréf frá landssambandsforseta þar sem hvatt er til þátttöku á vorþinginu á Egilstöðum 5. maí nk. Rætt var um gistimöguleika og ferðatilhögun og úr varð að Aníta tók að sér að stofna viðburð um þingið á Facebook til að kanna áhuga félagskvenna.
- Aníta gerði grein fyrir bréfi frá Jónu Benediktsdóttur landssambandsforseta þar sem kynnt er framkvæmdaáætlun DKG. Þar eru sérstaklega nefnd tvö verkefni. Annars vegar verkefni um að halda utan um þann þekkingarforða sem finna má meðal félagskvenna og hins vegar að koma ljósmyndum af DKG konum inn í félagatal. Verkefnið um þekkingarforðann snýr að því að koma upp banka á heimasíðu þar sem upplýsingar um DKG konur sem eru tilbúnar til þess að vera með erindi eða námskeið væru geymdar á einum stað undir flípa sem kallast þekkingarforði.

Varðandi ljósmyndir þá var rætt að Betakonur byrjuðu á því að koma ljósmyndum inn í sitt félagatal þar sem framkvæmdin á því hvernig á að koma myndum inn í félagatal landssambandsins liggur ekki fyrir. Betakonur beðnar um að senda myndir til Eyglóar sem sér um að koma þeim inn á Betasíðuna.

5. Konur kynna sig

Fundarstjóri óskaði eftir þremur konum til þess að kynna sig. Martha Lilja Ólsen, Hanna Salómons dóttir og Ingibjörg Auðunsdóttir brugðust við kallinu og sögðu hver um deili á sér á tveimur mínútum.

6. Kaffihlé, pyngja og happadrætti.

Kaffiveitingar voru veglegar að vanda. Í kaffihléi var pyngjan látin ganga og dregið var í happadrættinu þar sem Fríða Pétursdóttir hlaut vinninginn í þetta sinn.

7. Fundarslit

Fundi var slitið kl. 21:10. Sigrún fundarstjóri slökkti á kertum og Aníta færði undirbúningsnefndum þakkir fyrir góðan fund.

8. Slökun og samsöngur

Eftir að fundi hafði verið slitið færðu konur sig upp á gamla sal MA þar sem Kristín Elva Viðarsdóttir Betakona og skólasálfræðingur MA, bauð upp á slökun og nærandi hvatningarorð. Samverunni lauk með samsöng undir stjórn Maríu Gunnarsdóttur þar sem sungin voru löggin *Kvölda tekur* og *Vem kan segla förutan vind*.

Aníta þakkaði konum góða samveru og færði Kristínu rós og þakkir fyrir hennar framlag.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir